

9

1. mars

2. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1. gr. varða sektum frá 500 til 5000 kr., og auk þess skulu hinar afhentu vörur teknar aftur. Fer um mál útaf brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð 6. ágúst 1914, um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu, samkvæmt lögum 1. ágúst 1914.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. mars 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

10

22. mars **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Halldórs Jónassonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra Íslands 22. mars 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

„Minningarsjóðs Halldórs Jónassonar.“

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Halldórs Jónassonar«. Stofnfje hans er kr. 800.00.

2. gr.

10

22. márs

Sjóðinn skal ávaxta í »Aðaldeild söfnunarsjóðs Íslands«. Sjóðurinn tekur á móti frjálsum gjöfum, og skulu þær lagðar við höfuðstólinn.

3. gr.

Vextir sjóðsins skulu lagðir við höfuðstólinn óskertir. Þangað til hann er orðinn kr. 5000. Úr því má verja helmingi vaxtanna samkvæmt 4. gr. Þegar hann er orðinn 10000 kr. má verja $\frac{2}{3}$ vaxtanna eftir sömu grein, en þegar hann hefir náð 15000 kr. má verja $\frac{4}{5}$ vaxtanna á sama hátt. Hitt annað af vöxtunum skal ætíð leggja við höfuðstólinn. Ef eigi þarf að taka til sjóðsins eitt eða fleiri reikningsár, leggjast vextirnir óskertir við höfuðstólinn.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að það má fara að nota vextina, þá skal þeim varið til styrktar fátækum nemendum Gagnfræðaskólans á Akureyri, sem missa heilsuna og þurfa að leita læknishjálpar. Skulu þeir þá sitja fyrir, sem þurfa að leita hennar út fyrir Akureyri, til Reykjavíkur, Vífilsstað eða útlanda.

Þegar sjóðurinn hefir náð 15000 kr. og ekki er þörf á öllum vöxtunum til sjúkrastyrks, hafa umráðamenn sjóðsins heimild til að breyta skipulagsskránni þannig, að nokkru af vöxtunum sje varið til styrktar fátækum og efnilegum nemendum Gagnfræðaskólans til framhaldsnáms í náttúrufraeði og eðlisfræði, þó má enginn njóta þess styrks lengur en þrjú ár.

5. gr.

Umráðamenn sjóðsins sjeu: Skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri, bæjarfógeti og sóknarprestur Akureyrar. Ef þörf gjörist, mega þeir breyta skipulagsskrá hans þegar hann er orðinn fullar 15000 kr. (sbr. 4. gr.).

6. gr.

Þeir sem vilja verða styrks aðnjótandi af sjóðnum, skulu sækja um það skriflega til umráðamanna hans, og skulu skólameistari og kennarar skólans gefa meðmæli sín með styrkbeiðninni.

Akureyri, 23. október 1915.

Oddur Jónasson.

Jónas Jónasson.

Friðrik Jónasson.

Stefán S. Jónasson.